

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 629/2008 um fyrirkomulag númerabirtingar.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglnanna orðast svo:

Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenna símaþjónustu samkvæmt reglum þessum skulu bjóða notendum númerabirtingu gegn hæfilegu gjaldi.

2. gr.

4. gr. reglnanna orðast svo:

A-notandi skal, með einföldum hætti, eiga kost á að koma í veg fyrir númerabirtingu fyrir hvert símtal um sig gegn hæfilegu gjaldi. Gildir þetta um sérhverja línu sem áskrifandi hefur aðgang að.

B- eða C-notandi skal, með einföldum hætti, miðað við eðlilega notkun þessa möguleika, eiga kost á að útiloka númerabirtingu á mótteknum símtölum gegn hæfilegu gjaldi.

3. gr.

5. gr. reglnanna orðast svo:

Þar sem í boði er svarnúmerabirting ber þjónustuveitanda B- eða C-notanda að tryggja að hann eigi þess kost, með einföldum hætti, að hindra svarnúmerabirtingu til A-notanda gegn hæfilegu gjaldi.

4. gr.

Á eftir 5. gr. reglnanna bætist ný grein, sem verður 6. gr., og númer 6.-9. gr. uppfærast til samræmis við það:

Ef fjarskiptafyrirtæki taka gjald fyrir þá þjónustu sem kveðið er á um í 3. gr., 4. gr. og 5. gr. skal fjarskiptafyrirtækið gæta þess að einungis sé innheimt gjald af þeim sem sérstaklega hafa óskað eftir viðkomandi þjónustu.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið af Póst- og fjarskiptastofnun, eru settar á grundvelli heimildar í 51. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 14. júní 2011.

Hrafnkell V. Gíslason.

Guðmunda Áslaug Geirsdóttir.